

Mánudaginn 29. febrúar 1960.

Nr. 32/1958. Þórarinn G. Benediktsson

(Áki Jakobsson hrl.)

gegn

Verði h/f (Sveinbjörn Jónsson hrl.)

og gagnsök.

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Krafa um slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi og gjafsókn hér fyrir dómi. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum af vátryggingarfé b/v Varðar, B A 142, kr. 391.310.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1951 til greiðsludags og málskostnað i héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1958 og fengið áfrýjunarleyfi. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans i héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi höfðaði upphaflega mál i héraði á hendur gagnáfrýjanda með stefnu 27. nóvember 1951 og gerði þá kröfu um skaðabætur að fjárhæð kr. 451.910.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1951 til greiðsludags. Mál þetta var fellt niður með samkomulagi málsaðilja i bæjarþingi Reykjavíkur hinn 29. október 1953, en mál það, sem hér liggur fyrir, höfðaði aðaláfrýjandi síðan i héraði með stefnu 30. október 1953.

Samkvæmt 238. gr. siglingalaga nr. 56/1914 nær sjóveð fyrir skaðabótakröfum eftir 13. gr. sömu laga ekki til vátryggingarfjár skips. Þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að taka kröfu aðaláfrýjanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagn-áfrýjanda kr. 8000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Málflutningsþóknun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Vörður h/f, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Þórarins G. Benediktssonar, í máli þessu.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 8000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 13. maí 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Þórarinn G. Benediktsson sjómaður, Patreksfirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 30. október 1953, gegn h/f Verði, Patreksfirði, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 391.310.00 auk 6% ársvaxta frá 27. nóvember 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnanda var með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 15. janúar s.l., veitt gjafsókn fyrir héraðsdómi, og var Áki Jakobsson hdl. skipaður talsmaður hans.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfu stefnanda, en til vara, að stefnufjárhæðin verði lækkuð eftir mati dómsins. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þessir:

Hinn 28. janúar 1950, kl. 15.00, lagði b/v Vörður, B A 142, sem var eign stefnda, af stað frá Hafnarfirði áleiðis til Englands með fullfermi af ísfiski. Eftir brottförina frá Hafnarfirði hreppti togarinn sunnan og suðaustan hvassviðri, 8—9 vindstig, og mikinn sjó. Siglt var með fullri ferð, og varð einskis óvenjulegs vart.

Síðari hluta nætur 29. janúar og um morguninn tóku nokkrir skip-verjar eftir því, að togarinn lá óeðlilega djúpt og hallaðist til bakborða og tók á sig óvenju mikla sjói í ekki verra veðri en þá var, en vindur var þá af suðri 5—6 vindstig og sjór mikill og óreglulegur. Ekki var þó gerð önnur gangskör að því að rannsaka orsök hallans og djúpristunnar en lýsa fram á þilfarið. Um kl. 7.30 um morguninn voru menn sendir fram á skipið til eftirlits, og þegar þangað kom uppgötvuðu þeir, að neðri hásetaklefi var um það bil hálfur af sjó, og þeir töldu svipaðan sjó eða jafnvel meiri í netalestinni vegna halla skipsins, án þess þó að þeir litu niður í hana í þessari ferð. Skýrðu menn þessir skipstjóra og 1. stýrimanni frá því, hvernig komið var, og var þá ákveðið að hefjast handa að ausa skipið. Engin véldæla var í sambandi við hásetaklefan, heldur aðeins seinvirk handdæla, og voru því hásetarnir látnir ausa sjónum með fötum upp um hásetaklefaopið og út um kýraugað. Tvær fötur voru notaðar við austurinn, og fjórir jusu í senn, en fleiri komust ekki að. Var þetta talið afkastameira en að dæla með handdælunni, enda var varla stætt við hana vegna sjógangs. Jafnframt því sem hásetar voru settir að austri, voru kyndarar látnir moka kolum úr bakborðshlið, ef takast mætti með því að rétta skipið. Var unnið að mokstrinum allan daginn. Einnig var unnið allan daginn að austrinum, án þess að sæjust merki, að sjór lækkaði í skipinu.

Að beiðni skipstjórans á b/v Verði kom b/v Bjarni Ólafsson á vettvang kl. 14.30 um daginn til að vera Verði til aðstoðar, ef með þyrfti, og „lónaði“ hann síðan skammt frá Verði. Samkvæmt vætti skipstjórans á Bjarna Ólafssyni lá b/v Vörður nokkuð djúpt að framan og hallaðist töluvert til bakborða, þegar Bjarni Ólafsson kom á vettvang, og all mikill sjór gekk yfir hvalbak og þilfar Varðar, en skipstjórinn segir, að honum hafi ekki virzt Vörður vera þá í bráðri hættu. Skipstjóri Bjarna Ólafssonar og 2. stýrimaður togarans telja hæpið, að unnt hefði verið að koma óbrotnum björgunarbát á flot frá Verði, eftir að Bjarni Ólafsson kom á vettvang. Í sömu átt hnígur vætti 1. stýrimanns á Verði, en skipstjóri Varðar telur, að vonlaust hafi verið að reyna þetta. Hins vegar segir skipstjórinn á Bjarna Ólafssyni, að hægt hefði verið að koma línu á milli skipanna, á meðan bjart var.

Þegar leið á daginn og dimma tók, en það mun hafa verið um kl. 17.00, versnaði veður. Kl. 17.45 spurðist skipstjórinn á Bjarna Ólafssyni fyrir um það, hvernig gengi hjá Verði. Kvað skipstjóri Varðar útlitið ekki vera gott, enda tæki skipið á sig meiri sjói,

eftir að veðrið hefði versnað, en ekki heyrði skipstjóri Bjarna Ólafssonar á honum, að hann væri hræddur um, að Vörður myndi sökkva. Talaðist svo til milli skipstjóranna, að Bjarni Ólafsson „slóaði“ rétt á undan Verði og léti olíu í sjóinn til þess að lægja báruna. Var það gert.

Um kl. 18.00 varð 1. stýrimaður Varðar þess var, að vatnsgeymir undir hásetaklefa var fullur af sjó. Fram til þessa hafði skipstjórinn talið vatnsgeymi þenna, sem átti að taka 20—25 smálestir, tóman. Varð skipstjóranum ljóst, þegar 1. stýrimaður skýrði honum frá, að geymir þessi væri fullur, að b/v Vörður var í bráðri hættu, enda breyttist allt mjög til hins verra eftir kl. 18.00. Sprakk netalestin upp rétt á eftir, en hún var þá orðin full. Veður hafði enn versnað, og um kl. 18.20 sendi skipstjóri Varðar skipstjóranum á Bjarna Ólafssyni boð og bað hann að nálgast Vörð, eins fljótt og unnt væri. Var þegar brugðið við, og telur skipstjóri Bjarna Ólafssonar, að togarinn hafi verið kominn að Verði eftir 5—7 mínútur. Hélt Bjarni Ólafsson sig síðan til hlés við hinn nauðstadda togara. Samkvæmt vætti skipstjóra Bjarna Ólafssonar voru nú engin tök á að koma línu á milli skipanna né óbrotnum bát á flot frá Verði, enda var hann nú í kafi að framman og reykháfur nam við sjó á bakborða, en skuturinn stóð upp úr.

Skipti nú litlum togum, að b/v Verði hvolfdi, og hann sökk. Var klukkan þá um 18.45. Með togaranum sukku tveir menn, er voru í hásetaklefa skipsins. Hinir skipverjarnir allir, þar á meðal stefnandi, lentu í sjónum, og var þeim öllum nema þremur bjargað lifandi upp í Bjarna Ólafsson.

Áður en stefnandi fór í sjóinn, hafði hann náð sér í björgunarbelti og sett það á sig. Hann er ósýndur. Við sjóferðapróf út af slysinu hinn 4. marz 1950 skýrir stefnandi svo frá, að þegar hann lenti í sjónum í fyrstu, hafi hann verið stutt í kafi og komið upp rétt hjá björgunarfleka skipsins, sem tekizt hafði að losa, en ekki náð í hann, bára hafði skolað flekanum frá. Sá hann þá, að nokkrir skipverja voru komnir á kjöl björgunarbátsins og að þeim var bjargað þaðan. Einnig sá hann, að mönnum, sem á flekann höfðu komizt, var bjargað. Hann kveðst hafa beðið rólegur og talið, að sér yrði brátt bjargað, en rétt á eftir hafi hann tapað af ljósglampanum. Þá varð hann var við skvamp rétt hjá sér, og kom þar að Jóhann heitinn Jónsson, 2. vélstjóri. Spurði hann stefnanda, hvort hann hefði belt, og játaði stefnandi því. Jafnframt sagði Jóhann, að sitt belt væri alveg að hengja sig, og sagði stefnandi honum þá, að skipið væri alveg að koma til þeirra, en Jóhann

greip vinstri hendi upp að höfðinu og sagðist ekki geta meir. Korr-
aði þá í Jóhanni, og sá stefnandi hann fljóta rétt hjá sér. Stefn-
andi telur, að sér hafi verið bjargað rétt í þessu, en vissi ekki,
hvernig björgunin fór fram, nema að því leyti að hann fann, að
eitthvað kom við hann. Gizkar hann á að hafa verið í sjónum í
40 mínútur. Næst kveðst stefnandi hafa munað eftir sér, þegar
hann varð þess var, að verið var að rista af honum fötin um borð
í Bjarna Ólafssyni. Hann segir, að sér hafi liðið vel allan tímann
í sjónum, en bezt um það leyti sem hann var að missa meðvitund.
Í þinghaldi þessu segist stefnandi ekki vera búinn að ná sér enn
eftir hrakninginn, hann sé slæmur í höfði og mæðist fljótt, ef
hann gangi greitt, og nú sé hann orðinn svo þreyttur, að hann
skynji tal sitt óeðlilega.

Samkvæmt skýrslu stefnanda, dagsettri 21. maí 1952, sem stefn-
andi staðfesti á bæjarþingi Reykjavíkur 27. s. m., var hann þann-
ig búinn, er hann lenti í sjónum: Að ofan í „jersey“ nærskyrtu,
að neðan í síðum „jersey“ nærbuxum og nankinsbuxum, í bómull-
arsokkum og hnéháum gúmmístígvélum, með enska húfu á höfði,
og á höndum hafði hann fingravettlinga úr tvisti. Í þinghaldi þessu
kveðst stefnandi hafa verið heilsuhraustur fyrir slysið og ekki
þjáðst af neinum sérstökum sjúkdómi, en hann hafi orðið veikur,
strax eftir björgunina. Þó hafi hann ekki legið rúmfastur, á með-
an hann var hér í bænum, en skipbrotsmenn höfðu verið fluttir
hingað, og hann hafi farið heim til sín á Patreksfjörð eftir um það
bil vikutíma. Stefnandi kvað sjúkleika sinn lýsa sér aðallega í
því, að hann verði magnlaus, fái höfuðverk og verk í hálsinn og
er hann vinni, þá mæðist hann mjög fljótlega og finni til í brjósti,
vinstri öxl og hálsi. Í þinghaldinu var stefnandi spurður sérstak-
lega að því, á hvern hátt hann hafi verið dreginn upp í b/v Bjarna
Ólafsson, en hann kvaðst alls ekki muna neitt um það.

Bjarni Hermann Guðmundsson, sem var 1. stýrimaður á b/v
Bjarna Ólafssyni, þegar b/v Vörður fórst, og eina vitnið, sem
náðst hefur til, sem minnst atvika að því, er stefnanda var bjarg-
að, skýrir svo frá, að stefnandi hafi verið á floti í sjónum hlé-
megin við Bjarna Ólafsson, þó þannig, að vindur hafi ekki staðið
þvert á skipið. Kveðst hann hafa kastað línu til stefnanda undan
vindi, og hafi línun verið höfð mun lengri en svaraði fjarlægðinni
til stefnanda. Hafi þetta verið gert í því skyni, að hún gæti flækzt
utan um stefnanda, ef honum tækizt ekki að ná taki á henni af
eigin ramleik, en engin snara hafi verið sett á línuna. Eftir að
línunni var kastað, mynduðust á henni lykkjur og vöfðust utan

um stefnanda. Lá línan í nokkrum brögðum utan um hann, en vitnið kveðst ekki muna, hvernig þau brögð hafi legið, þó hafi línan ekki hert neitt sérstaklega að hálsi stefnanda. Segist vitnið hafa gáð að þessu sérstaklega, er það losaði línuna, vegna þess að stefnandi hafi ekki mátt mæla, er hann hafi verið dreginn um borð. Þegar línunni hafði verið kastað, var kallað til stefnanda að grípa í hana, en það gat hann ekki. Við dráttinn á stefnanda að skipshlið, segir vitnið, að ekki hafi þurft að beita neinum átökum. Eftir að stefnandi var kominn að skipshliðinni, innbyrtu skipverjar Bjarna Ólafssonar hann með því að taka í hann með höndunum. Línan var síðan losuð af honum, og því næst reynt að ná upp úr honum sjó, síðan var hann borinn inn í matsal og gefinn heitur drykkur. Meðan verið var að bera stefnanda inn, segir vitnið, að hann hafi fengið málið aftur. Vitnið gat ekki um það sagt, hversu langur tími leið, frá því að b/v Vörður sökk og þar til stefnanda var bjargað. Hins vegar segir vitnið, að sá tími hafi þó verið það langur, að það hafi undrazt, að stefnandi skyldi halda lífi, eftir að vera búinn að velkjast svo lengi í sjónum í því veðri, sem þá var.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að skipstjórnarmönnum b/v Varðar hafi í umrætt skipti orðið veruleg mistök á, að því er varðar ráðstafanir í þá átt að bjarga skipverjum yfir í b/v Bjarna Ólafsson í tæka tíð, er var þarna á vettvangi reiðubúinn til hjálpar. Af þessum mistökum hafi leitt, að allir skipverjar Varðar lentu í sjónum, og kveðst stefnandi vegna sjóvolksins og hnjasks við björgunina hafa beðið verulegt og varanlegt heilsutjón, hann hafi orðið 75% öryrki vegna slyssins, en stefndi beri sem eigandi skipsins fébótaábyrgð á öllu því tjóni, er af mistökum skipstjórnarmanna hlaut.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína svo:

1. Bætur fyrir orkutjón kr. 356.310.00
2. Bætur fyrir sársauka og vanlíðan — 35.000.00

Samtals kr. 391.310.00

Kröfuna undir 1. lið reisir stefnandi á útreikningi tryggingarfræðings frá 13. marz 1951, en í málinu liggur fyrir útreikningur sama tryggingarfræðings frá 24. nóvember 1956, og áætla tryggingarfræðingurinn þar lágmarkstap stefnanda vegna sjóhrakningsins kr. 90.805.00.

Krafan undir 2. lið er áætlunarupphæð.

Stefndi reisir sýknukröfuna í fyrsta lagi á því, að skipstjórnarmönnum b/v Varðar verði ekki gefið það að sök, að þeir létu skipverja yfirgefa skipið svo seint, sem raun varð á. Þeim hafi borið skylda til að reyna að bjarga skipinu, og það hafi ekki orðið ljóst, fyrir en allt í einu, að tilraunir í þá átt mundu ekki bera árangur. Þá hafi þeir skipverjar Bjarna Ólafssonar og Varðar, er komið hafa fyrir dóm til að skýra frá atvikum að því, að Vörður fórst, verið sammála um það, að mjög tvísýnt hafi verið að koma báti heilum á flot frá Verði, þó að það hefði verið reynt strax og Bjarni Ólafsson kom á vettvang. Séu því mestar líkur til, að stefnandi hefði þurft að kasta sér í sjóinn með björgunarbelti, þó að skipstjóri Varðar hefði gefið mönnum sínum fyrirmæli um að yfirgefa skipið, fyrir en hann gerði.

Í öðru lagi mótmælir stefndi því, að heilsubilun stefnanda stafi af því, að hann lenti í sjónum í umrætt skipti. Hann hafi ekki orðið fyrir neinu óeðlilegu hnjaski, er honum var bjargað, eins og hann hafi tjáð læknum þeim, sem skoðuðu hann hér í Reykjavík, en vottorð þeirra verða síðar rakin. Þá bendir stefndi á þessum mótmælum sínum til stuðnings, að stefnandi hafi ekki leitað læknis vegna heilsubilunar þeirrar, sem hann telji slysið hafa orsakað, fyrir en um 10 mánuðum eftir það.

Loks reisir stefndi sýknukröfuna á því, að bótakrafa stefnanda, hafi hún nokkur verið, sé fyrnd eða fallin niður eftir ákvæðum síðara liðs 238. gr. og 240. gr. siglingalaganna.

Til vara mótmælir stefndi bótakröfu stefnanda sem órökstuddri og óhæfilega hárrí.

Út af umræddu slysi var höfðað opinbert mál á hendur skipstjóra b/v Varðar og hann ákærður fyrir siglingarbrot og mannsbana af gáleysi samkvæmt 261. gr. siglingalaganna nr. 56/1914 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að hafa ekki gætt þess, sem skipstjóri á togaranum Verði, er leki hafi komið að skipinu á hafi úti, á leið þess til Englands hinn 29. janúar 1950, að hefjast handa um björgun skipshafnar togarans yfir í togarann Bjarna Ólafsson, sem kominn var á staðinn, fyrir en togarinn Vörður sökk.

Með dómi siglingadómsins, uppkveðnum 5. nóvember 1951, var skipstjórinn sakfelldur fyrir brot á framangreindum ákvæðum.

Í dómi siglingadóms segir m. a. svo:

Samkvæmt 48. gr. siglingalaganna er skipstjóra skylt að gera allt, er hann má, til bjargar skipi, ef það kemst í sjávarháska, og má ekki hverfa frá því, meðan nokkur von er um björgun þess.

Ber að hafa þetta í huga, þegar kannað er, hvort ákærði hafi of seint hafizt handa um að flytja skipshöfn sína um borð í togarann Bjarna Ólafsson. Upp er komið í málinu, að tveir litlir korkflekarn voru í báðum afturreiðum „Varðar“ og einn stór timburflekí á aftanverðu bátsþilfari. Einnig er leitt í ljós, að hægt hafi verið að koma línu milli togaranna, meðan bjart var. Er það álit hinna siglingafróðu dómenda, að eins og veðri, sjó og öðrum aðstæðum var háttað, hafi verið gerlegt að flytja skipshöfn Varðar á korkflekunum yfir í Bjarna Ólafsson, meðan birta hélzt, og rétt að freista þess allt fram til kl. 18.00. Þegar litið er til þess, að veður fór vaxandi, a. m. k. eftir kl. 17.00, að skipshöfn Varðar mun hafa verið orðin mjög þreytt, eftir að hafa staðið í austri og kolamokstri frá því snemma morguns, að austurinn mun lítinn sem engan árangur hafa borið og allt óvíst um orsök hins alvarlega leka, þá lítur dómurinn svo á, að ákærða hafi borið að hefjast handa fyrst og fremst, meðan birtu naut, og allt fram til kl. 18.00 að freista þess að bjarga skipverjum á korkflekunum um borð í togarann Bjarna Ólafsson. Það gerði ákærði ekki. Engar ráðstafanir gerði hann heldur í þá átt að hafa þessa fleka tiltækilega við skipshlið.“

Þykir verða að leggja þetta álit siglingadóms til grundvallar um það, að skipstjóri b/v Varðar hafi orðið mistök á, er umrætt slys bar að höndum, að því leyti, að gera ekki í tæka tíð ráðstafanir til þess að koma skipverjum togarans yfir í b/v Bjarna Ólafsson. Og ætla má, að mistök þessi hafi leitt til þess, að allir skipverjar togarans hafi lent í sjónum. Hefur því fyrsta sýknuástæða stefnda ekki við rök að styðjast.

Það er ekki vitað, hve lengi stefnandi var að velkjast í sjónum, en sennilegt má telja, að hann hafi farið nærri um tímann, þegar hann kom fyrst fyrir dóm eftir slysið, en þá gizkaði hann á, að hann hefði verið í sjónum um 40 mínútur. Hins vegar verður það að teljast upplýst, að línan, sem hann var dreginn að skipinu með, er honum var bjargað, hertist ekki að hálsi hans, svo og að hann varð ekki fyrir neinu óeðlilegu hnjaski, er hann var tekinn upp í skipið, en eftir að þangað var komið, kom hann fljótlega til meðvitundar.

Verða nú rakin læknisvottorð þau, sem fram hafa verið lögð í málinu.

Páll Sigurðsson tryggingaryfirlæknir hefur í læknisvottorði, dags. 27. desember 1950, rakið málsatvik á þessa leið samkvæmt frásögn stefnanda:

„Slasaði lenti í sjóhrakningum, er togarinn Vörður fórst hinn 29. janúar 1950. Slasaði kom til viðtals og skoðunar 16. nóvember 1950 og síðan alltaf öðru hverju eftir það fram undir mánaðamótin í nóv.—des. 1950.

Hann heldur, að hann hafi legið um eina klukkustund í sjónum, eftir að skipið sökk. Hann segist hafa verið í flotbelti. Kaðli hafi verið kastað til sín, sem hann var dreginn á upp á skipið, sem bjargaði honum. Hann telur, að kaðallinn hafi vafizt um háls sér, en hann komið hendinni á milli hálsins og kaðalsins og þannig komið í veg fyrir hengingu. Slasaði kveðst ekki hafa komið til fullrar meðvitundar fyrr en um tveim klukkustundum eftir, að hann var kominn upp í skipið, sem bjargaði honum. Næstu dagana eftir þetta, segir hann, að sér hafi liðið mjög illa í höfði. Það hafi verið „eins og klettur“, og gat hann ekki snúið því neitt til hliðar. Hann kveðst hafa misst heyrnina á vinstra eyra, en hún hafi komið aftur eftir 10 daga.

Kvartanir hans eru nú einkum þessar:

Verkjakippir frá vinstri öxl upp í höfuð. Stirðleiki og þrautir aftan í hálsi, sem koma strax fram, ef hann reynir nokkuð á sig. Kvíði og óeðlilegur titringur, sem einkum kemur fram við geðs-hræringar. Honum finnst hann eiga erfiðara með að einbeita huganum að nokkru einstöku en áður.

Hann kveðst lítið sem ekkert hafa getað unnið, síðan hann lenti í slysinu. Reyndi að vinna við fiskflökun í maí, 2—3 tíma á dag, en gafst upp eftir 3 daga. Hann segist hafa dundað lítils háttar við heyrinnu s.l. sumar, stund og stund í einu.

Hinn 16. nóvember 1950. Skoðun.

Maðurinn er grannholda, en eðlilegur útlits. Stirðleiki í hálsliðum. Beyging fram á við og hliðarsveigjur mjög hindraðar. Eymsli aftan á hálsliðum. Aðrir hlutir hryggjarsúlu en hálsliðir eðlilegir.

Hlustun á hjarta eðlileg. Tónar hreinir. Púls 76. Blóðþrýstingur 140/70. Röntgenmynd, tekin í Röntgendeild Landspítalans af hálsliðum og höfuðkúpu hinn 18. nóvember 1950, sýndi það, sem hér segir:

„Á yfirlitsmyndum af cranium er ekkert athugavert að sjá, nema hvað smávægileg kölkun í glandula pinealis. Allmiklar arthrotiskar breytingar í neðri hluta col. cervicalis og osteophytar þar í liðbrúnum.

Aukalega sést kölkun á arteria vertebralis báðum megin.

R. diagnosis: Osteoarthrosis col. cervicalis.

K. K. (sign)“.

Sökum þess, hve sjúkdómsmyndin var óljós, var slasaði sendur til Alfreds læknis Gíslasonar til neurologiskrar rannsóknar. Að lokinni þeirri rannsókn sendi hann síðan álitserð um árangur skoðunarinnar, dags. 28. nóvember 1950. Það helzta, sem hann tekur fram í þessari álitserð, er þetta:

„Psykiſkt virðist hann (slasaði) eðlilegur, og var ekki auðsær neinn neurotiſkur blær á kvörtunum hans . . . Við athugun á nervi cranií finnst ekkert athugavert. Pupillae eru jafnar, hringlaga og reagera. Við palpation eru eymsli í v. regio nuchae, og passiv hreyfingar í columna cervicalis eru sárar. Steth. cordis: Aktion regluleg, 78 á mínútu. Tónar hreinir. Steth. pulm. eðlileg. Abdomen eðlilegt. Blóðþrýstingur 130/70. Vöðvatrofik, reflexar, kraftar, sensibilitet og coordination, eðlilegt . . .

Niðurstaða: Sjúklingurinn liggur lengi í sjó og missir meðvitund (áhrif kuldans). Við björgunina herðist að hálsi hans, svo að blóðrás til heilans truflast verulega í nokkra stund. Hvort tveggja þetta, enda annað nægilegt, hefur haft í för með sér skaddandi áhrif á heilann, og er auðvelt að setja nokkurn hluta kvartana hans í samband við það, einkum asthenisku einkennin. Um það, hvort hryggjarbreytingar þær og aðrar breytingar, sem röntgenmyndin greinir frá, séu beinar afleiðingar slyssins, er erfiðara að segja. En hafi þessar breytingar verið komnar fram fyrir slysið, voru þær að minnsta kosti einkennalausar, og hefur áverkinn þannig án efa útleyst þrautir þær, sem sjúklingurinn kvartar um í hálsi að aftan og í v. öxl.

Að athugun lokinni er ég þeirrar skoðunar, að kvartanir þessa manns séu af organiskum rótum runnar og því í beinu orsakasambandi við slysfarirnar, en séu ekki af starfrænum uppruna.

Diagnosis: Encephalopathis traumatica

Osteoarthrosis col. cervicalis

Arteriosclerosis aa. vertebral.

Reykjavík 28. nóvember 1950.

Alfred Gíslason læknir (sign)“.

Af framanskráðu virðist ljóst, að ekki verði hjá því komizt að meta örorku slasaða, að minnsta kosti til bráðabirgða. Liggja til þess einkum þrjár ástæður. Í fyrsta lagi virðist nokkurn veginn víst, að slasaði hefur lítið sem ekkert getað unnið, síðan hann lenti í sjóhrakningum. Í öðru lagi breytingar þær í hálsliðum og

hálsæðum, er komu fram á röntgenmyndinni, og í þriðja lagi það, sem Alfreð Gíslason læknir og ég fundum við skoðanir.

Bráðabirgðaörorka vegna slyssins 29. janúar 1950 telst hæfilega metin: 75—80%.

Endurmat fari fram í nóvember 1952.“

Í læknisvottorði Ófeigs J. Ófeigssonar, sérfræðings í lyflækningum, Reykjavík, dags. 16. maí 1952, segir svo að loknum inngangsörðum, þar sem sjúkrasaga slasaða er rakin í stuttu máli:

„Röntgenskoðun á Landakotsspítala 9. 5. '52: „Svæði: Hryggur allur. Kliniskar uppl. fylgja ekki sjúkl. Nokkur spondylarthrosis sést í col. vertebr., einkum í hálsliðum og neðri thoracal-liðum. Í hálsliðum eru áberandi spondylarthrotiskar breyt. á neðstu 3 hálsliðum meðalstórum osteophytum og nokkurri deformatio. Engar destructiv breyt. sjást, og liðbilin virðast eðlileg. Svipaðar breyt. sjást á neðri thoracal-liðum.

R. diag. Spondylarthrosis col. vertebr. — Ól. Jóh./B. G.“

Undirritaður vill taka sérstaklega fram, að þessar röntgenmyndir sýna langsamlega mestar sjúklegar breytingar í 3 neðstu hálsliðunum, en óverulegar í liðunum þar fyrir ofan, og að breytingarnar í brjóst- og lendaliðum eru miklu minna áberandi en í 3 neðstu hálsliðunum.

Skoðun: Maðurinn virðist eðlilegur í útliti og framkomu allri, ekki áberandi taugaveiklaður. Við höfuð og sýnileg líffæri þess ekkert sérstakt að athuga. Háls: Við þrýsting aftan á hálsinn, sérstakl. ofanverðan og meira v. megin, eru áberandi eymsli, eins og við hreyfingar í hálsliðum, sem eru talsvert takmarkaðar vegna sársauka. Lungu: eðlileg. Skygging (í Berklavarnarstöð Reykjavíkur þ. 13. 5. '52) eðlileg.

Hjarta virðist eðlilegt að stærð, óhljóð, rhytmus dál. óreglulegur (extracystolæ). Blóðþrýstingur 132/68. Púls ca 80, dál. óreglulegur. Línurit af hjarta sýnir dál. v. hneigð, nokkrar supraventriculær extracystolæ og bifasiska T-bylgju í III. leiðslu. Við önnur líffæri gat ég ekki fundið neitt sjúklegt.

Álitsgerð: Þar sem mjög líklegt má telja, að Þórarinn hafi verið fullhraustur fyrir slysið, því öðrum hentar ekki sjómennska á togurum, og þar sem hin sjúklegu einkenni koma fram *eftir* slysið, má álykta, að þau standi í beinu sambandi við það, enda þótt rannsókn á hjarta sýni ekki beinlínis sjúklegar breytingar, og að maður gæti trúað, að hinar sjúklegu breytingar í hrygg hafi ef til vill verið byrjaðar, áður en slysið varð, enda þótt hann hafi

ekki haft einkenni, fyrr en eftir hina löngu bið í köldum sjónum og hina ógurlegu áreynslu og tognun, þegar hann var dreginn upp á skipið. Mjög líklegt er, að nefnd æðakölkun stafi af slysinu, þar sem aðrar æðar virðast ókalkaðar.

Sjúkdómsgreining:

1. Osteoarthritis columnae cum symptomata posttraumatica.
2. Arteriosclerosis traumatica vertebral.
3. Hypocompensatio cordis (dyspnoea et palpitaciones) traumatica.
4. Encephalopathia traumatica.“

Í læknisvottorði Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 24. maí 1952, undirrituðu af Bergþóri Smára lækni, segir svo að loknum innangangsorðum:

„Slasaði kom til skoðunar 19. maí 1952. Honum finnst líðanin ekki hafa breytt neitt, sízt til batnaðar. Hefur verið slæmur af svima, sérstaklega ef hann bograr, haft rígg og verki aftan í hálsi og upp í höfuð, magnleysi og slappleika við áreynslu, svo að hann gefst fljótt upp, jafnvel við léttustu störf, svo og mikla mæði og hjartslátt við gang.

Slasaða finnst hann vera sljórrí og minnislausari en fyrir slysið, skapið bráðara og vaknar oft á nóttunni við, að „andadrátturinn teppist við barkakýlið“. Hann hefur s.l. ár dútlað við og við lítils háttar í íshúsi, en ekki getað unnið neitt annað.

Við skoðun 19. maí 1952 finnst eftirfarandi: Virðist eðlilegur útlits. Höfuð: Ekkert sérstakt athugavert. Hreyfingar í hálsliðum eru mjög takmarkaðar vegna stirðleika og sársauka, og aftan á hálsi eru töluverð eymsli. Lungu: Ekkert sérstakt. Hlustun á hjarta eðlileg. Blóðþrýstingur 135/75. Línurit af hjarta (Óf. J. Ófeigsson): Dálítil v. hneigð, nokkrar supraventriculærar extracystolur.

Annað ekki athugavert að sjá við önnur líffæri. Röntgenmynd tekin á Landakotsspítala 9. maí 1952 af hrygg sýnir: Nokkrar spondylarthrosis sést í columna vertebralis, einkum í hálsliðum og neðri thoracalliðum.“

Niðurstaða: Ástand slasaða hefur, síðan fyrra örorkumat fór fram (27. des. 1950), ekki breytt neitt til batnaðar, og ólíklegt má þykja, að það taki verulegum breytingum úr þessu. Þykir því mega teljast tímabært að meta varanlega örorku slasaða vegna slyssins, og telst hún hæfilega metin 75%.“

Í vottorði sama aðilja, dags. 16. september 1953, segir svo:

„Slasaði mætti á ný til skoðunar í skrifstofu tryggingayfir-

læknis 16. sept. 1953. Hann hefur ekki getað unnið nema létta dútlvinnu, fremur en áður, og hefur ekki getað stundað sín fyrri störf. Kvartanir hans eru allar þær sömu og fyrr. Skoðun í dag leiðir ekki neitt nýtt í ljós.

Ástand slasaða má þannig álitast óbreytt, frá því sem var við örorkumatið 24. maí 1952, og þess vegna enginn grundvöllur fyrir breytingu á því mati.“

Læknisvottorð Bjarna Guðmundssonar, héraðslæknis á Patreksfirði, dags. 5. febrúar 1954, er svohljóðandi:

„Hr. málaflutningsmaður Áki Jakobsson hefur beðið mig að láta uppi álit mitt um heilsufar Þórarins Guðmundar Benediktssonar, Háteigi, Patreksfirði, þann tíma sem ég hef þekkt hann fyrir 29. jan. 1950.

Þar sem þó nokkur ár eru liðin og þetta er að miklu leyti eftir minni, verður að meta ummælin með hliðsjón af því. Fer þetta þó vonandi ekki fjarri sönnu.

Umræddur maður leitaði mín oft á þessum árum, ýmist vegna kvefsjúkdóma, ýmiss konar gigtar eða þess, sem ég skýrði neurasthenia.

Sérstaklega var hann mikið gigtveikur árið 1947. Leitaði hann þá oft til mín, ýmist v. lumbago, ischias eða gigtar til og frá um skrokkinn.

Auk lyfja fékk hann um tíma meðferð þessu viðvíkjandi, diathermi o. fl.

Yfirleitt finnst mér hann hafa verið heilsuveill.

Lýsti það sér meðal annars í því, að ég vissi til, að hann varð að taka sér lengri hvíldir frá vinnu en algengt var um samstarfsmenn hans, og þá líklega heilsunnar vegna.“

Loks segir Stefán Ólafsson læknir, sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnasjúkdómum, Reykjavík, í læknisvottorði, dags. 11. marz 1955, að stefnandi hafi gengið til sín til lækninga frá 17. maí 1950 til 19. júní s. á. vegna bólgu í nefslímhúð og nefholum.“

Í málinu hafa verið lagðar fram röntgenmyndir af stefnanda.

Það virðist ljóst, að stefnandi hefur ekki skýrt læknunum Páli Sigurðssyni, Alfred Gíslasyni og Ófeigi Ófeigssyni rétt frá um það, hvernig björgun á honum fór fram. Þá kemur ekki fram, að hann hafi skýrt læknum þessum frá því, hvernig heilsu hans var háttað fyrir slysið, sbr. vottorð Bjarna Guðmundssonar, héraðslæknis á Patreksfirði. Geta þessi atriði hafa haft áhrif á framangreindar ályktanir læknanna.

Samkvæmt úrskurði, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur

22. desember 1955, var leitað umsagnar Læknaráðs í málinu og því send öll skjöl þess. Var beiðst umsagnar Læknaráðs um:

- 1) hvort sjúkdómar þeir, er stefnandi telur sig haldinn, séu afleiðing hrakninga þeirra, er hann varð fyrir, er b/v Vörður frá Patreksfirði fórst hinn 29. janúar 1950, og verði því játað,
- 2) þá hve mikil örorka stefnanda vegna slyssins sé.

Ályktun Læknaráðs er svohljóðandi:

„1. Læknaráð telur engin gögn liggja fyrir um það, að stefnandi hafi hlotið encephalopathia traumatica.

2. Af þeim gögnum, sem liggja fyrir, má sjá, að stefnandi gengur með sjúklegar breytingar í hryggjarliðum og kölkun í hálsslagæð (a. vertebralis).

3. Leitt er í ljós, að stefnandi hefur haft gigt til og frá um líkamann, áður en hann varð fyrir slysinu, (sbr. vottorð frá Bjarna Guðmundssyni héraðslækni, en það geymir upplýsingar, sem öðrum vottorðsgefendum voru ókunnar, er þeir rituðu vottorð sín). Er því sennilegt, að hinar sjúklegu breytingar í hryggjarliðum og kölkunin í a. vertebralis hafi hvorttveggja verið til komið, áður en stefnandi varð fyrir slysinu, enda ekki líklegt, að slíkar breytingar gerist með svo skjótum hætti, sem hér hefði þurft að vera, ef þær ættu rót sína að rekja til slyssins.“

Þegar virt er þessi ályktun Læknaráðs, þykir ekki gegn mót-mælum stefnda sannað, að stefnandi hafi beðið tjón á heilsu sinni vegna umrædds sjóslyss, og ber þegar af þeirri ástæðu að taka kröfu stefnda um sýknu til greina, enda virðist krafa stefnanda samkvæmt 2. lið vera miðuð við bætur fyrir sársauka og þjáningar vegna heilsubreysts hans.

Eftir atvikum og öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Áka Jakobs-sonar hdl., er ákveðst kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendum Jónasi Jónassyni og Hannesi Pálssyni, skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, h.f. Vörður, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Þórarins G. Benediktssonar, í máli þessu, og falli málskostnaður í því niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Áka Jakobssonar hdl., kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. marz 1960.

Nr. 100/1958. **Guðni Ólafsson f. h. Apótekarafélags Íslands**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)

gegn

póstmeistarannum í Reykjavík f. h. póstsjóðs
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

og gagnsök.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
Theodór B. Línal.

Skaðabótakrafa. Ömerking.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1958 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 3030.75 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1955 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. október 1958, gagnáfrýjað málinu með stefnu 30. s. m. og krafizt þess, að hann verði sýknaður og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eigi er í ljós leidd heimild póstmeistarans í Reykjavík til að taka á móti stefnu og gefa bindandi yfirlýsingar fyrir dómi f. h. póstsjóðs í máli þessu. Að svo vöxnu máli verður að fella hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð úr gildi og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.